

Fundargerð 77. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2024, miðvikudaginn 13. nóvember kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Gréta Mar Jósépsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 2023-2024 - 2311002SK**
Íris setti fund og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Byrjaði hún á því að bjóða sig fram til formanns og var það samþykkt.
- 2. Stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum 2023-2024 - 2311002SK**
Lögð var fram áætlun um stjórnarfundir samtakanna fyrir komandi ár.

15. janúar 2025
12. mars 2025
21. maí 2025
3. september 2025
24. september 2025 (auka fundur til undirbúings aðalfundar)
1. október 2025 (aðalfundur kl. 11:30)
12. nóvember 2025

Fundaáætlun samþykkt.
- 3. Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum - önnur mál - 2311004SK**
Íris og Kristinn sóttu haustfund Landsvirkjunar sem haldinn var 30. október sl. á hótél Selfossi.

Þar var fjallað um hvernig hægt væri að skipta markaðinum með tilliti til hækkandi orkuverðs, sem hefur aukist um 10-20%. Stórir aðilar bjóða nú hátt verð í forgangsorkuna, sem hefur áhrif á almenning, sveitarfélögin og minni fyrirtæki.

Landsvirkjun hefur hafið vinnu við tvískiptingu gjaldskrár, sem er lykilatriði í því að tryggja jafnræði í orkuskiptingu. Annað stórt mál á dagskrá, vegna vaxandi ásóknar í raforku og síhækkandi orkuverðs, er nauðsyn á nýrri löggjöf til að tryggja orkuöryggi almennings og verja þann hóp fyrir hækkunum. Hluti af orkupörf almennings eru stofnandir sveitarfélaganna, grunnstoðir á borð

við skóla, leikskóla, sundlaugar og aðrar opinberar stofnanir. Málið varðar allan almenning, ekki aðeins köldusvæðin.

Stjórnin samþykkti að setja þessi atriði í forgang og að taka frekara samtal við Landsvirkjun og stjórnvöld um næstu skref.

Fundi var slitið kl. 09:00